

Miðvikudaginn 4. júlí 2012 var haldinn sameiginlegur fundur stjórnar fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar og stjórnar fjallskiladeildar Auðkúluheiðar.

Fundinn setti Jón Gíslason Stóra- Búrfelli og gaf hann Birgi Ingþórssyni orðið.

Birgir ræddi um viðhald girðinga á norðanverðum Sauðadal milli Brekkubæja og Sauðadals og Stóru Giljár og Sauðadals.

Girðing sem er þarna er orðin mjög léleg vegna viðhaldsleysis á undanförunum árum.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun:

Fjallskilanefndirnar beina því til hreppsnefndar Húnavatnshrepps að hlutast til við landeigendur norðan Sauðadalsgirðingar og landeigendur Sauðadals að þeir geri upp girðingu sem skilur að heimalönd og Sauðadal.

Jafnframt beina nefndirnar því til hreppsnefndar að leita eftir samkomulagi við eigendur Sauðadals um fyrirkomulag uppreksturs og gangna á Sauðadal.

Nefndirnar voru sammála um að nýta dilka sem lítið eru notaðir í Beinakeldurétt fyrir fjáreigendur í fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiðar í fyrstu Beinakeldurétt.

Aðal réttardagar á komandi hausti verða 7. og 8. september. Beinakeldurétt verður 11. september.

Seinni fjárréttir verða 24. september og hefjast kl. 9.00 í Sveinsstaðarrétt og kl. 11.00 í Undirfellsrétt. Fjárskil verða 16. október samkvæmt fjallskilareglugerð.

Fundarritari

Magnús Pétursson (sign)

Birgir Ingþórsson (sign)

Jón Gíslason (sign)

Júlíus Óskarsson (sign)

Sigurður Árnason (sign)